

# Haustrfundur Kvasis

## Miðvikudagur 23.10.2002

Fundargerð

Jón Hjartarson setti fundinn. Fundarstjóri var kosin Anna Kristín Gunnarsdóttir. Inga Sigurðardóttir var fundarritari.

### 1. Skýrsla um starfsemi fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna.

- 1.1. Iðunn Antonsdóttir: Kynnti skýrsluna og ræddi um þróun miðstöðvanna og rakti margþætt hlutverk þeirra. Mikil aukning er námsaðsókn hjá miðstöðvunum. Ör þróun hefur verið í uppbygging fjarnáms og veltuaukning miðstöðvanna var 7% til 93% milli ára 2000 til 2001
- 1.2. Smári Haraldsson: Fjarnám á framhalds- og háskólastigi, fjarnámsver. Á hvaða stigi fjarnásnemar eru á ekki að skipta máli. Alla þarf að styrkja til að geta stundað nám. Smári sýndi tölur um fjarnámnemendur eftir svæðum. Talaði um fjölgun nema á framhaldsskólastigi. Kennaraskólinn var fyrsti háskólinn til að vera með fjarnám og nú eru fleiri nemendur þar í fjarnámi en staðnámi. Síðan kom háskólinn á Akureyri með kennslu í fjarfundum og síðan hafa aðrir háskólar bæst við. Fjarnámsver; Smári lýsti því hvaða aðstöðu hann telur að þurfi til að búa vel að fjarnámsnemum. Byggja þarf upp akademískt umhverfi og þangað komi líka þeir sem eru í fjarnámi þó þeir nýti ekki fjarfundabúnað. Smári ræddi um að það vanti aðstoð við nemendur og nefndi þá sérstaklega stærðfræðikennara. Nemendur þurfi einnig námsráðgjöf. Gott væri að námsverin væru byggð upp í tengslum við bókasöfn. Þá samnýtist ýmis aðstaða og er um leið styrkur fyrir bókasöfnin. Smári sýndi aðstöðuna sem búið er að koma upp á Ísafirði.
- 1.3. Katrín Dóra Þorsteinsdóttir: Bókhalld og fjármál. Katrín Dóra sagði frá því að þegar þau voru að vinna skýrsluna sáu þau að tölurnar sem verið var að vinna með voru oft ekki samanburðarhæfar. T.d. var mismundandi hvort styrkir til fjarfundabúnaða væru gjaldfærðir á einu ári eða fleiri. Katrín Dóra fór yfir skiptingu rekstrartekna. (sjá bls. 22). Hún telur að það þurfi að skipta tekjum af námskeiðum og þjónustu betur upp, sundurliða svo við sjáum hve mikið fer í t.d. ráðgjöf og hve mikið í annað. Misjafnt er hvernig laun eru færð hjá miðstöðvunum. Verktakar eru færðir hjá sumum öðrum liðum en launakostnaður fastra starfsmanna og því misjafnt hvað er hvað. Í liðnum kostnaður vegna námskeiða þarf að gera sýnilegra hvað er kostnaður vegna háskólanáms. Ferðakostnaður er mismunandi eftir svæðum. Greina þarf hvað fer mikið í námskeið og kennslu og hve mikið í miðstöðina sjálfa. Húsnæðiskostnað þarf að sundurgreina betur. Hvað er skrifstofan og hvað er húsaleiga vegna námskeiða. Katrín spyr hvort við getum samræmt bókhaldslykla og verið með verkefnatengt utanumhald. Upplýsingarnar í skýrslunni eru bestar um námskeiðin. Þ.e. fjölda námskeiða en það þarf að vera á hreinu hvort það voru námskeið sem voru í boði eða þau sem voru haldin. Lengd námskeiða færð á mismunandi hátt. Tillögur eru í skýrslunni um lausn á því.

#### 1.4. Umræður.

**Anna Kristín** ræddi um leiðir til að mæla námskeiðshaldið. Bendir á að margt er misvísandi í skýslunni. T.d. vantar hjá sumum miðstöðvunum nemendur sem eru í Kennaraháskóla Íslands. En þeir eru að þiggja þjónustu t.d. á NLV.

Anna Kristín leggur til að nota nemendastundir til að mæla umfang námskeiða. Gefur mun réttari mynd en fjöldi nemenda og fjöldi námskeiða.

**Jón Hjartarson** ræddi bókhaldið og lagði til að Katrín kæmi með tillögur í þeim efnunum. Vill fá tillögur um það sem þarf í fjarnámsaðstöðu - námsver.

**Anna Kristín** bað um að tillögur verði lagðar fram skriflega.

**Skúli** tók undir tillögur um samræmt bókhald. Talaði um mikilvægi skýrslunnar og þakkaði hana. Gott að hafa skjalfesta starfsemi miðstöðvanna. Skýrslan undirstrikar mikilvægi þeirra. Styrkir eru bókfærðir sem rekstrartekjur og koma því inn sem hagnaður sem sumstaðar er varið til tækja og eignakaupa sem er eignfært og síðan afskrifað á misjöfnum tíma. Ítrekaði að miðstöðvarnar eru að halda utan um fjölda fólks í háskólanámi og því fylgi mikill kostnaður.

**Katrín Dóra**. Benti á að meira er um fólk sem aðeins er með grunnmenntun á landsbyggðinni. Þetta fólk nýti sér betur það sem er í boði hjá miðstöðvunum.

**Anna Kristín** tók undir með Katrínu um hlutfall fólks sem er bara með grunnmenntun.

**Líneik**. Talaði um þörf þess að skilgreina þjónustustig við háskólanemana. Við værum jafnvel að tala um meiri þjónustu en fólk fær sem er í þessum sömu skólum. Ræddi um nemendastundir og hvernig þær eru færðar.

**Anna Kristín**. Talaði um að námsver Smára væri heillandi hugmynd. Hjá Önnu er svipuð aðstaða á Sauðárkróki. Á NLV eru fjögur þorp með fjarmenntabúnað. Kominn er upp vísir að þessu á Siglufirði. Á Blönduósi er líka aðstaða. Sveitarfélagði hefur búið til hreiður fyrir háskólafólk. Það er þörf fyrir þennan aðbúnað. Mynd Smára ekki raunhæf nema fyrir stærri staðina. Þarf að koma upp góðri aðstöðu sem nýtist sem flestum. Passa að aðstaðan verði ekki of stór á einum stað á kostnað minni staðanna. Þurfum að gera sýnilegt það sem við erum að gera og vera stolt af því. Stórt hlutverk okkar er markaðssetning á námi. Anna Kristín talaði um að miðstöðvarnar veiti mikla ráðgjöf án þess að fá tekjur af því.

**Jens Pétur**. Skýrslan gott veganesti inn í framtíðina. Eðlilegt að hún hafi ýmsa galla í fyrsta sinn. Sammála gagnsemi þess að færa sambærilegt bókhald. Afskriftir eru teygjanlegt hugtak og misjafnt hvernig eru gerðar t.d. dreifing á milli ára. Fjöldi námskeiða – fjöldi þátttakenda. Hvað þarf marga til að námskeið séu haldin. T.d. átta og gera allt sem tiltækt er til að ná þeirri tölu. Danir eru t.d. í samvinnu við fjölmiðla með sameiginlegar aðgerðir við að ná fólki á námskeið. eru með rútu sem keyrir um landið og kynnir fullorðinsfræðslu. Benti á að reka mætti saman námskeið hjá miðstöðvunum til að ná þessum fjölda og nota t.d. fjarmenntabúnaðinn. Varðandi fjarnámsverin þá verðum við að takmarka okkur þar. Sagði frá því sem Verkefnisstjórn um símenntun er að vinna að. Gerð verður könnun á þátttöku fólks í endur- og símenntun. Haldin verður ráðstefna um mat á reynslu og þekkingu inn í annað nám. Finna þurfi kerfi til að gera þetta. Skoðað verður hvernig þetta er gert í öðrum löndum.

**Inga**. Ræddi um þörfina á fjarnámsverum bæði í þéttbýli og dreifbýli. Þeim þurfi að koma upp víðar en á stærstu þéttbýlisstöðunum og að þau eigi að nýtast öðrum en háskólanemum. Sagdist nota nemendastundir til að mæla

þátttöku og með því væri líka auðvelt að reikna út fjölda stunda á minni svæðum innan miðstöðvanna sem væri gott til að kynna fyrir sveitastjórnarfólki.

**Smári.** Fjöldi fjarnema á háskólastigi í skýrslunni væri ekki sá sami og kom fram í könnun ráðuneytisins en þær væru þó ekki mjög frábrugðnar. Tölur ráðuneytisins hefðu átt að vera í skýrslunni. Góð hugmynd sem komið hefur fram um að stofna landssamtök fjarnema. Á Vestfjörðum er til félag fjarnema á háskólastigi. Smári telur að þjónusta þurfi fjarnema meira en staðnema. Unga fólkið er með þá formlegu menntun sem er krafist. En fullorðnir þurfa meiri stuðning og eru með minni grunn. Námsverin þarf að byggja upp eftir hverjum stað. Æskilegt að vera með toppaðstöðu á einum stað. Ruglingslegt að ekki væri alltaf verið að tala um það sama þegar rætt er um kennslustundir, hvort hver stund væri 40 eða 45 mín eða klukkustund. Þetta hefur áhrif á nemendastundirnar. Talaði um að fólk þyrfti að læra betur á skráningarkerfið Námu til að hún nýtist betur. Sammála Ingu um að námskverin eigi að vera fyrir fleiri og telur að skólarnir henti ekki fyrir fullorðinsfræðslu heldur frekar bókasöfnin.

**Anna Kristín.** Talaði um mettun á sókn í námskeið. Hönnuð eru námskeið sem henta á hverjum stað. Notkun byggðabráar er fýsilegur kostur í orði en ekki á borði vegna kostnaðar. Lagast vonandi um áramótin. Námsver fyrir fjarnema eru fyrir alla. Á landsbyggðinni er mikið af fólki með stutta formlega skólagöngu. Grunnskólar eru ekki besta kennsluástaðan fyrir fullorðna. En mikilvægt er að við getum nýtt aðstöðu og mannafla sem fyrir er. Benti á að ef við nýtum bókasöfnin þá eru þau sumstaðar opin mjög stutt. Gott að sveitarfélögin taki námsver sem þjónustu við íbúana en af hverju kemur ríkið ekki þarna inn í eins og við háskólana.

**Iðunn.** Þakkaði athugasemdir við skýrsluna. Fagnaði því sem Jens sagði um ráðstefnu um mat á námi. Það þurfi að gæta þess að gera ekki lítið úr reynslu og þekkingu án formlegarar skólagöngu. Tekur undir með Ingu um að við viðhöldum sveigjanleika sem felst í því að hlúa að öllum menntunartækifærum. Bókasöfn eru víða góður kostur en eru víða opin skamman tíma. Mikilvægt sé að við sníðum okkur öll stakk eftir vexti.

**Skúli.** Leggur til að tekin verði um dagskráliður á morgun um afgreiðslu tillagna. Skúli telur að lítið hafi verið fjallað um starfstengda námið. Sérgreinasamböndin eru með sérhæfð námskeið og dýrt fyrir fólk að sækja þau til Reykjavíkur. Þessi þróun hafi setið á hakanum hjá Skúla. Fjarnámið á háskólastigi hafi tekið mikinn tíma. MSS er að leigja af Reykjanesbæ húsnæði vegna fjarnámsins. Húsaleigukostnaður hækkaði verulega vegna þessa. Kostnaður af háskólanámi er verulegur. Húsnæði og símakostnaður er um 4 miljónir. Ríkisstyrkurinn fer allur í þetta. Annað fer halloka og bitnar á starfsmenntun. Komið upplýsingar um að símakostnaður eigi héðan í frá að vera greiddur af fastastyrk til miðstöðvanna en var áður greiddur úr potti. Háskólarnir eru að fá greitt fyrir hvern nemanda í fjarnámi en miðstöðvarnar bera kostnaðinn af þeim. Leggur til að við samþykkjum ályktun um þetta.

**Anna Kristín** lagði fram dagskrártillögu sem var samþykkt. kl. 12:15 á morgun verði afgreiðsla tillagna og ályktana.

Hádegishlé. Umræðum framhaldið eftir hádegið.

**Jón** Ræddi um fjárhagsþörf vegna háskólanámsins. Háskólanámið væri vaxandi og ekki aftur snúið með það. Sveitarfélögin væru farin að leggja töluvert í þetta. Símenntunarmiðstöðvarnar gera samninga við háskólana um búnað og þjónustu. Skuldbindingar sem kosta fjármuni. Umsjón með háskólanáminu er veruleg. Jón tekur 40 til 50% af sínum vinnutíma í 9 mánuði fari í þetta. Spyr sig hvaða kostnaður þetta í rauninni sé. Laun og skrifstofukostnaður auk húsnæðiskostnaðar. Símakostnaðurinn væri tæp miljón á þessu ári. Í dag kosti þetta 9 til 10 miljónir í útlögðum kostnaði. Auk þess ýmislegt eins og akstur og auglýsingar. Fulltrúar ráðuneytis, miðstöðva og háskóla þurfa að gera kostnaðargreiningu sem verði tilbúin fyrir næstu fjárlög.

**Líneik** sagði að beinn útlagður kostnaður á haustönn væri 4,3 miljónir hjá sér. U.þ.b. 4 þús. á klst. Ekki væri sanngjarnt að velta þessu yfir á stofnanir eins og framhaldsskólana.

**Jens.** Spurning hvort háskólarnir eigi ekki að koma að þessum kostnaði. Verið er að vinna í fjarskiptamálunum og Arnór mun ræða það hér síðar.

Fjárframlagið frá ráðuneytinu er til að mæta óvissutjöldum ekki fyrir eitthvað sem er kostnaðaráætlað. Miðstöðvarnar geri síðan úr því eins og hægt er.

**Anna Kristín** talaði um mikilvægi þess frelsis sem ein upphæð sem ekki er bundin við verkefni gefur okkur.

#### 1.5. Áherslur hvernar stöðvar og samstarf innan héraðs, framkvæmdastjórar miðstöðvanna (umsjón, Iðunn Antonsdóttir).

##### 1.5.1. Iðunn – Fræðslumiðstöð Þingeyinga.

Þau þurfa að halda uppi námskeiðum í byggðum sem eru smáar með fáum íbúum. Miðstöðin rekur 5 fjarfundabúnaði. Þau vilja uppfylla hlutverkið sem víðast. Hafa verið með hagnýtt skrifstofunám (400 kest. 16 nem), 26 nemendur í umönnunarfræðum. Gæta þarf þess að virða og meta bakgrunn nemendanna. Ráðgjöf til einstaklinga er stór þáttur í starfinu, ótæmandi verkefni, oft ósýnileg og gefur ekkert í aðra hönd fjárhagslega. Þéttbýlisstaðirnir á svæðinu eru með um 300 íbúa og þar er fólk í fjarnámi. Námsvakning á sér þar stað.

##### 1.5.2. Líneik – Fræðslunet Austurlands.

Dreifbýlt svæði með fámenna þéttbýliskjarna. Miðstöðin er með 2,5 stöðugildi. Aðalskrifstofan er á Egilsstöðum. Líneik er með vinnuástöðu á Fáskrúðsfirði en er einn dag á Egilsstöðum. Menntasmiðjur eru samstarfsverkefni FNA og verkalýðsfélaganna. Hver þátttakandi velur 4 námskeið þar af má 1 vera tómsundanámskeið. eru víða á svæðinu. 200 manns eru skráðir.

##### 1.5.3. Jón – Fræðslunet Suðurlands. Þar er Jón eini starfsmaðurinn. Skiptir starfinu í tvö svið. Sérhæfð menntum – háskólanám og starfsnám og tómsundasvið. Leggja þurfi vaxandi áherslu á sérhæfð námskeið fyrir fyrirtæki. Hrun var í haust á frístundanámskeiðum. eru með menningartengd námskeið í samvinnu við sveitarfélög. eru í góðu samstarfi við stéttarfélögin. Hafa gert tilboð um framkvæmd símenntunaráætlana sveitarfélaga. Ætla að stofna nýtt svið vegna símenntunaráætlana og munu ráða sérstakan ráðgjafa. Jón sagði frá því að þau hafa fengið leyfi til að vera með leikskólakennaranám fyrir 4 á Hvolsvelli.

#### 1.5.4. Skúli – Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Þar eru 3 starfsmenn í fullu starfi. Vorið var mjög gott, góð þátttaka á námskeiðum. Tekjur af námskeiðum hafa aukist. Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum hafa hvatt stofnaðila til að ræða framtíð miðstöðvarinnar og þeim þykir háskólanámið of rúmfrekt. Hefur ekki þróast eins og lagt var til í upphafi að miðstöðin væri að miðla hverskonar námi. En slíkt módel gefur ekki tekjur og því verður stöðin að reka námskeið sjálf. Umræða er um hvort reisa eigi háskólaútibú – sérafmarkaða háskólastarfsemi. Á Suðurnesjum gæti þetta tengst hugmyndum um stofnun auðlindagarðs í tengslum við starfsemina í Svartsengi. Háskólanemarnir borga á Suðurnesjum 10 þús. á önn sem dekkar ljósritun, kaffi og aðstöðuna. Miðstöðin er í góðu samstarfi við verkalýðsfélögin. Skúli telur brýnt að fá iðnaðarmannanámskeiðin út úr Reykjavík en þau eru bara haldin þar fyrir iðnaðarmenn.

#### 1.5.5. Inga – Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi. Þar eru 2 starfsmenn í 1,5 stöðugildi. Inga ræddi um að mikilvægt væri að halda uppi fjölbreytni í námskeiðahaldi og að það þurfi að sinna vel öllum íbúum svæðanna. Ræddi um lágmarksfjölda þátttakenda á námskeið og benti á að gera þurfi ráð fyrir að greiða þurfi með fámennum námskeiðum í dreifðum byggðum og að ríkisstyrkurinn geti farið í það eins og háskólanámið.

#### 1.5.6. Smári – Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Það er 1,5 stöðugildi.

Smári sagði að þau vilji þjóna atvinnulífinu betur. Erfitt að átta sig á styrkjaflórunni þar. Til þess að miðstöðin fái að þróast þarf meiri mannskap. Vill ráða konu. Mikið þúður farið í að koma upp nýju húsnæði. Mikill kostnaður fylgdi því. Því verði að auka starfsemina. Lýsti aðstæðum á Vestfjörðum sem hann skiptir í svæði. eru í góðu samstarfi við Svæðisvinnumiðlun, sveitarfélög en minna við verkalýðsfélögin.

#### 1.5.7. Anna Kristín – Farskóli Norðurlands Vestra. Þar eru 2 í fullu starfi. Stofnun sem er að verða 10 ára. Þegar ríkið dró sig út úr farskólunum komu sveitarfélögin að farskólanum á Norðurlandi Vestra. Síðan var miðstöðin stofnuð. Miðstöðin er samstarfsvettvangur ýmissa aðila sem standa að símenntun. Breytum byggð verkefnið er viðamikil. eru að fara að gera símenntunaráætlanir sveitarfélaga á öllu NLV. Á svæðinu eru 140 háskólanemar. Anna Kristín telur helsta hlutverk miðstöðvanna að halda uppi námi fyrir fólkið með stystu skólagönguna.

#### 1.5.8. Katrín Dóra – Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.

Hlutverk miðstöðvarinnar er að auka þekkingarverðmæti á Eyjafjarðarsvæðinu. Þar eru 2 stöðugildi, auk þess sem bókhaldið er aðkeypt. Einnig vinna verktakar í Markviss og vegna Viku símenntunar. Gera þjónustusamninga við aðila vegna námskeiða og fasta samninga við fræðsluaðila. Ekki litið á þessi námskeið sem námskeið Símeysjar þó þau fari samt mjög mörg í gegnum miðstöðina. Þau gera tímabundna samninga við aðila eins og stéttarfélög og fl. Þjónustan sem Símeys veitir er að kynna framboð fræðsluaðila á heimasíðunni, með markpósti, sjá um skráningu hjá sumum og önnur umsjón eftir samningum. Almenn þjónusta er fólgin í því að útvega einstök námskeið, veita upplýsingar, vera með sérsniðna þjónustu t.d. ÚA skólinn. Hafa umsjón með starfsmannafræðslu Sæplasts. Þar er mikil innanhúsfræðsla sem Katrín telur mikilvægt fordæmi, t.d. að taka kennara úr fyrirtækjunum sjálfum.

Símei gerir ýmsar kannanir í atvinnulífínu. Þjónusta er við íbúana gegnum aðgengilega heimasíða með námsframboði á svæðinu. Veita upplýsingar um aðgengi að niðurgreiðslum. Vilja tengjast meir einstaklingunum sem koma af götunni. Vilja setja upp námsver á minni stöðunum. Halda ráðstefnur í samvinnu við ýmsa aðila. Vinna þróunarverkefni t.d. áttak í starfs- og námsráðgjöf. Eru með Fjölvirkjanám, sem er 100 kennslustundir fyrir iðnfyrirtæki. Verði boðið einu sinni á ári, þrjú fyrirtæki í einu. Samvinnuverkefni stéttarfélagann og Símei. Samstarf við verkalýðsfélögin verði mjög gott.

#### 1.6. Baldur Dýrfjörð – lagaleg staða miðstöðvanna.

Fjöldi laga er þar sem eru ákvæði um sí- og endurmenntun. Baldur rakti hvernig sí- og endurmenntun kemur fram í ýmsum lögum, skóla, stéttarfélagum o.fl. Lög um starfsmenntun í atvinnulífínu snerta símenntunarmiðstöðvarnar einna mest. Starfsmenntaráð fer með umsjón framkvæmdar laganna. Baldur spyr hversu markvisst þetta er? Hvernig er þetta að nýtast? Grundvöllur fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna er samstarf allra þessara aðila sem koma fram í þessum lögum. Spyr hvort þörf sé á lagaramma utan um þetta starf? Skipulagsskrárnar eru okkar rammi. Ræddi kosti og galla lagaramma. Kostur væri að fá traustari grundvöll fyrir miðstöðvarnar en lög um þau gætu dregið úr möguleikum til sveigjanleika.

##### 1.6.1. Umræður um skýrsluna og lagalega stöðu miðstöðvanna.

**Jens Pétur** spyr hvort ekki þurfi að fara að skilgreina hlutverk símenntunarmiðstöðvanna aftur og draga fram hvaða áherslur símenntunarmiðstöðvarnar leggi? Almenna námið sé að minnka og háskólanámið að koma í staðinn. Vinna þurfi meira með fyrirtækin á svæðunum og miðla áfram á milli svæðanna.

**Anna Kristín** var ekki sammála um að almenna námið sé á undanhaldi heldur sé það að breytast og er núna meira í samstarfi við fyrirtæki og stéttarfélög. Háskólanámið er mikið í umræðunni því það er mjög krefjandi. Ekki þurfi að endurskipuleggja miðstöðvarnar.

**Líneik.** þróunin ekki verði sú að almenna námið sé á undanhaldi. FNA var upphaflega sett upp til að fá háskólanámið á svæðið. Hefur síðan þróast meira í átt að almennu námi. Mikilvægt sé að fá viðurkenningu á óformlegu námi.

**Katrín** – tæplega metun á námskeiðum í gangi hjá svona ungum miðstöðvum. Meiri eftirspurn sé eftir almennu námi en námi á háskólastigi.

**Jón** telur að miðstöðvarnar þurfi að sinna hinum venjulega starfsmanni vel, bæði í frístundanámi og innan fyrirtækja. Fara eigi varlega í að biðja um lög.

**Baldur** telur að bíða eigi með lagarammann. En fjárhagsgrundvöllurinn sé erfiður.

**Skúli** benti á að laun framkvæmdastjóra væru ekki viðunnandi. Og þeir eigi hvergi heima í kerfinu.

**Jens Pétur** sagði frá viðræðum sínum við fulltrúa hjá UNESCO sem er Japani. Endurmenntun þar getur fólgið í því að senda alla á söngnámskeið o.fl.

Fundi frestað kl. 15:00 til morgundagsins.

Fimmtudagur 24. október 2002

### **Alþjóðlegt samstarf, Skúli Thoroddsen**

Skúli sagði í sínu máli að síðan Kvasir voru stofnuð hefði Ísland átt meiri möguleika til að taka þátt í erlendu samstarfi. Hann sagði frá að MSS hefði sótt um styrk til að halda námskeið samskonar því sem var haldið á Hvolsvelli í maí fyrir norræna samstarfsaðila. Ráðstefna yrði haldin á vegum NFA/MSS í vor í Keflavík. Nordisk folkelig academy sækir um styrk til að hafa samráð sín á milli. Skúli fór á fyrsta fund í september þar voru ályktanir voru gerðar um að beina til stjórnvalda í hverju landi að leggja NFA ekki niður. Það var grundvallað á því að samtökin geta haft áhrif á þróun/stefnumörkun fullorðinsfræðslu. Inga sagði frá að ungmennafélögin og kvenfélögin eru aðilar að FNV og að samtökin væru deyjandi vegna þess hverjir eru aðilar en formaðurinn vill að Kvasir taki við og gerist aðilar.

Í máli Skúla kom fram að taka þyrfti ákvörðun um hvort við ætlum að vera í þessu erlenda samstarfi, hvernig ætlum á að gera það og etv. hverjir ættu að vera í því.

Smári fjallaði um VOFO fundinn og að Ína og Smári ræddu við Sturla B. um samstarf og ein hugmynd væri að Ísland myndi halda fund á næsta ári. Skúli sér um að framfylgja þessu máli eftir á næsta samráðsfundi

### **Aðalheiður Jónsdóttir, Mennt**

Yfirlit yfir evrópuverkefni

- Leonardó
- cedefop
- Europass
- Önnur samstarfsverkefni

Leonardó

Hægt að leita til Menntar til að finna samstarfsaðila, þau fara yfir umsóknareyðublöðin og miðla upplýsingum um verkefni.

Leonardó er fjölþjóðlegt samstarfsverkefni, minnst þrjú þáttökulönd, mest þriggja ára verkefni, styrkur 75% af kostnaði. Lögaðilar geta sótt um styrk Leonardo styrkir líka mannaskipti fyrir ungt fólk í starfsnámi, fyrir háskólanema, fyrir ungt fólk á vinnumarkaði og nýútskrifaða stúdenta. Starfsmannaskipti fyrir leiðbeinendur og kennara, starfsmannastjóra í atvinnulífinu, skipuleggjendur og stjórnendur starfsþjálfunar. Hér þarf eingöngu tvíhliða samstarfs. [www.leonardo.hi.is](http://www.leonardo.hi.is)

Upplýsinganet um starfsmenntun, rannsóknir í starfsmenntun, útgáfa (t.d. lýsingar á starfsmenntakennslu í ýmsum löndum), vefsíða cedefop [www.cedefop.eu.int](http://www.cedefop.eu.int), rafrænt þjálfunarþorp [www.trainingsvillage.gr](http://www.trainingsvillage.gr), hægt er að sækja upplýsingar, leita eftir samstarfsaðilum. Það þarf að logga sig inn, hægt að ráða hvort maður fær upplýsingabréf sent en það inniheldur upplýsingar um hvað er á döfinni.

Námsferðir: t.d. kennarar, leiðbeinendur, stefnumótendur, stjórnendur. Cedefop skipuleggur og styrkir, Ísland fær 8 styrki á ári og tekur á móti einum hóp. Almennt efni eða sértækt. Ferðastyrkur er greiddur á kílómetrafjölda, 80 evrur á dag. Ca. 12 manns í hóp Skúli fór í svona ferð til Portúgals fyrr á þessu ári sem hann sagði aðeins

frá. Emil hefur einnig farið og Björg. Einfalt er að sækja um. Mennt velur úr umsækjendum í samráði við Cedefop.

#### ANIMATE:

Samstarfsverkefni fjögurra landa. Ísland, Álaborg í Danmörku, Uno í Finnlandi og Glaskow. Koma upp samstarfsneti þeirra sem koma að starfsmenntun.

Hugmyndafræði Menntar (Nýtt), fá ólíka aðila til að setjast niður saman, koma á virkri umræðu, aðilar Menntar njóta góðs af.

Ef einhver vill komast inn í verkefni þá er hægt að láta Mennt vita og þeir leita að verkefni. Þannig er hægt að komast inn í verkefni án þess að vera að stjórna.

Einnig sagði Alla frá því að það var að losna pláss í Cedefop ferð til Bremen og að það þurfi að láta vita í dag.

### **Þórarinn Eyfjörð, framkvæmdastjóri Starfsmenntar**

Sagði frá tildrögum Starfsmenntar og bókun í kjarasamningi frá 25.03.2001

Starfsmennt á að þjóna ófaglegum starfsmönnum ríkisins sem eru uþb. helmingur starfsmanna ríkisins. BHM og ríkið gerðu samsvarandi samning en sá sjóður hefur bara safnað peningum og virkar ekki ennþá.

Þórarinn sagði frá hverjir standa að setrinu en það eru Starfsmannafélag ríkisstofnana, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Kjarni Samflot sex bæjarstarfsmannafélaga og Fjármálaráðuneytið

Hægt að finna nánari upplýsingar á [www.smennt.is](http://www.smennt.is)

Önnur félög t.d. fagfélög geta gerst aðilar að Starfsmennt.

Ástæðan fyrir því að Starfsmennt var stofnað var sú hver stofnun það ekki sjálf sinnir þessu hlutverki ekki og er nýtingin afar slæm. Nokkarar stofnanir sinna þessu en það eru þá aðallega stærri stofnanir.

Starfsmennt er að reyna að svara ákveðinni þörf:

Starfsnám stuðningsfulltrúa – grunnnám

Starfsnám stuðningsfulltrúa frahaldsnám

Þjálfunaráætlun Svæðisskrifstofun....

....

Nám fyrir skrifstofufólk

Framrás 1 – ég og starfið

Framrás 2 – gð þjóusta

Framrás 3 – markviss vinnubrögð

Hvatningarnámskeið og treysta grunninn er í samstarfi við 3 símenntunarmiðstöðvar.

Vettvangur fyrir samstarf, hvernig getur það verið. Setti fram hugmynd um hugarflæðisvinnu. Hvernig er hægt að búa til verkefni sem nýtist fleirum. T.d.

samstarf um verkefni t.d. Landsmennt, Hér þyrftu símenntunarmiðstöðvarnar t.d. að koma með hugmyndir um hvernig samstarf gæti verið og um hvað.

Smári lýsti yfir ánægju sinni með samstarf við Starfsmennt. Smári talaði um t.d. notkun fjarfundabúnað sem möguleika vegna takmarkaðs fjölda á hverjum stað. Umræður um að notkun fjarfundabúnaðs í löngum námskeiðum. Fólk var sammála um að hann virkar ekki nógu vel ennþá en það sé nú að fara lagast. Fólk var sammála um að til að raunhæft sé að bjóða upp á svona á litlum stöðum sé fjarfundabúnaðurinn lausnin etv. með heimsóknum t.d. komið saman 1-2 helgar.

Stjórn Starfsmenntar er ekki búin að ákveða að fara í samstarf við aðila sem eru ekki í Starfsmennt.

Þórarinn beinir því til símenntunarmiðstöðvanna að vera vakandi og jákvæð.

### **Arnór Guðmundsson**

Fjarskiptanet framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðva.

Gagnamagn takmarkast af þeirri tengingu sem við höfum.

100 mb tengingar fullt af stöðum með 2 mb tengingar.

Virtist vanta nokkra staði á yfirlitsmyndina.

Það er áskilið í útboðinu að bæta við stöðum.

Kostnaðurinn við að bæta við nýjum stöðum við ætti ekki að verða mikill.

100 mb tengingar þá þarf að vera ljósleiðari en kobartenging í 2 mb. Ef ætti að leggja

100 mb þar sem ekki er ljósleiðari myndi kostnaðurinn snar hækka.

Rökstuðningur við að ríkið eigi að greiða í þessu er að þetta sé byggðamál og þeir sem komi á eftir muni ekki þurfa að greiða svona mikið.

Það á að ganga til samninga við SKYRR. Hringiðjan var lægst en þegar farið var í saumana á tilboðinu var t.d. þjónusta óásætlanleg.

Tilboð Skyrr er upp á 117 mill. á ári. Útboðsnefndinni fannst vera of litlar tengingar til útlanda og eru að leita annarra leiða. Kostanðaráætlunin hljóðaði upp á 72 mill. og var það miðað við hvað sé verið að borga í þetta núna. Tilboðið var hærra en áætlað var og er það ein ástæðan fyrir því að þetta hefur tafist. Menntamálaráðuneytið hefur skuldbundið sig til að brúa bilið. Stefnt að því að netið verði komið í gagnið um áramót.

Kostnaður dreifist á staðina eftir stærð. Hvernig er ekki búin að ákveða.

Fastakostnaður verður á alla staði. Það þarf að dreifa kostnaðnum. Fjallað var um hvort hægt væri að taka einhverja staði úr núna og er það ekki hægt. En það er hægt að færa á milli staða (Akureyringar geta haldið áfram að kaupa kvóta af Vestfirðingum). Þannig að þeir staðir sem nota ekki búnaðinn þurfa að greiða ákveðið fastagjald sem er ekki vita í dag.

Kvasir þarf að tilnefna fulltrúa í hóp sem mun koma með tillögur að skiptingu kostnaðar.

Anna Kristín fjallaði um að símenntunarmiðstöðvarnar þyrfu að fá að vita hvað þyrfti að gera til að taka við þessu sem fyrst.

Brúartengingar munu bætast við þessar 72 mill.

Stefnt er á útboð á brúnni.

### **Líneik, Upplýsingatækni í dreifbýli** Verkefni stýrt frá Sauðárkróki

Samstarf við símenntunarmiðstöðvar um námskeiðshald.

Markmið UD (upplýsingatækni í dreifbýli)

- að fjölga tölvunotendum í dreifbýli (á lögbýlum)
- að sem flestir íbúar á lögbýlum geti notað tölvuna og veraldarvefinn sem tæki til að auðvelda dagleg viðfangsefni í starfi og leik.

UD greiðir 80% þáttökugjalda og þátttakendur greiða 20%

Íbúar lögbýla geta sótt þau námskeið sem í boði eru og fengið styrk.

Líneik getur sent áhugasömum sínar glærur.